

# Lög

## um breytingu á löggjöf um hugverkaréttindi á sviði iðnaðar vegna rafrænnar útgáfu ELS-tíðinda.

---

### Breyting á lögum nr. 46/2001, um hönnun, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 18. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 2. mgr. og orðast svo:

Heimilt er að gefa ELS-tíðindi út og dreifa þeim á rafrænan hátt, þar á meðal á netinu.

### Breyting á lögum nr. 45/1997, um vörumerki, með síðari breytingum.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 21. gr. laganna:

a. Lokamálsliður orðast svo: Vörumerki skulu birt í ELS-tíðindum sem Einkaleyfastofan gefur út.

b. Við greinina bætist ný málsgrein er orðast svo:

Heimilt er að gefa ELS-tíðindi út og dreifa þeim á rafrænan hátt, þar á meðal á netinu.

### Breyting á lögum nr. 17/1991, um einkaleyfi, með síðari breytingum.

3. gr.

Á eftir 69. gr. laganna kemur ný grein, 69. gr. a, sem orðast svo:

Allar auglýsingar og tilkynningar af hálfu Einkaleyfastofunnar, sem kveðið er á um í lögum þessum og birtar skulu almenningi, eru birtar í ELS-tíðindum sem Einkaleyfastofan gefur út.

Heimilt er að gefa ELS-tíðindi út og dreifa þeim á rafrænan hátt, þar á meðal á netinu.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 21. maí 2004.*